

Reglur um niðurgreiðslu gjalda vegna daggæslu barna í heimahúsum

1. Samkvæmt ákvörðun félagsmálanefndar Fjarðabyggðar skal greiða niður gjald vegna daggæslu barna í heimahúsum. Umsóknareyðublöð fást á bæjarskrifstofunum.
2. Niðurgreiðslan er háð eftirfarandi skilyrðum:
 - Að dagmóðir hafi leyfi félagsmálanefndar til daggæslu á heimili sínu.
 - Börn einstæðra foreldra á aldrinum 6 mánaða - 6 ára og eigi ekki kost á leikskóladvöl.
 - Börn giftra foreldra eða foreldra í sambúð á aldrinum 1 árs – 6 ára og eigi ekki kost á leikskóladvöl
 - Að foreldrarnir hafi lögheimili í Fjarðabyggð.
 - Framvísa þarf greiðslukvittun frá dagmóður mánaðarlega eigi síðar en 6. hvers mánaðar. Þó er heimilt að greiða tvo mánuði aftur í tímann.
3. Umsóknir skulu lagðar fyrir forstöðumann félagsþjónustusviðs eða félagsmálafulltrúa sem athuga hvort skilyrðum sé fullnægt en öll vafaatriði skal leggja fyrir fund hjá félagsmálanefnd.
4. Umsóknir um niðurgreiðslu þarf að endurnýja á hverju ári.
5. Niðurgreiðsla skal vera mismunur á leikskólagjaldi og gjaldi samkvæmt gjaldskrá Samtaka dagmæðra og er miðað við allt að 9 klst. gæslu á dag.
6. Niðurgreiðsla fer fram 11 mánuði á ári.

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar Fjarðabyggðar 19. mars 2002
Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Fjarðabyggðar 4. apríl 2002